

Gátlisti yfir gögn sem þurfa að fylgja með umsókn til Kína

- | | |
|---|---|
| ☐ Bréf frá Utanríkisráðuneytinu | ☐ Læknisvottorð |
| ☐ Umsókn um ættleiðingu á barni frá Kína | ☐ Umsögn félagsráðgjafa |
| ☐ Efnisyfirlit / Dossier | ☐ Forsamþykki |
| ☐ Bréf frá umsækjendum | ☐ Ljósmyndir |
| ☐ Vegna fráfalls / Guardian statement | ☐ Meðmælabréf |
| ☐ Fæðingarvottorð | ☐ Staðfesting á námskeiði hjá ÍÆ |
| ☐ Hjúskaparvottorð | ☐ Staðfest ljósrit af vegabréfum |
| ☐ Sakavottorð | ☐ Stimpill frá kínverska sendiráðinu |
| ☐ Atvinnuvottorð og tekju- og eignavottorð | |

Bréf frá Utanríkisráðuneytinu: Skrifstofa ÍÆ útvegar þetta bréf þegar umsókn er skilað inn.

Umsókn um ættleiðingu á barni frá Kína: ÍÆ lætur ykkur fá þetta form.

Efnisyfirlit: ÍÆ gerir þetta yfirlit eftir að umsókn er skilað inn.

Bréf frá umsækjendum: Þetta er bréf frá ykkur (svokallað cover letter á ensku) þar sem þið segið frá ástæðum þess að þið viljið ættleiða og frá ykkur sjálfum og ykkar lífi. Undirrita þarf bréfið. Bréfið þarf að vera á ensku ef ykkur finnst það betra þá getið þið skrifað bréfið á íslensku og látið löggiltan þýðanda þýða það.

Vegna fráfalls / Guardian statement: Bréf um þann sem mun annast barnið ef þið fallið frá. ÍÆ er með staðlað form sem skrifað er inn í. Bréfin þurfa að vera undirrituð af viðkomandi.

Fæðingarvottorð: Útgefið af Þjóðskrá.

Hjúskaparvottorð: Útgefið af Þjóðskrá. Hjón þurfa að hafa verið gift í a.m.k. 2 ár. Ef þetta er annað eða þriðja hjónaband þarf hjúskapur að hafa varað í a.m.k. 5 ár.

Sakavottorð: Beiðni um sakavottorð má beina til hvaða sýslumanns sem er utan sýslumannsins í Reykjavík en íbúum í umdæmi hans er bent á afgreiðslu sýslumannsins í Kópavogi. Einnig má sækja um sakavottorð hjá lögreglustjórum landsins utan höfuðborgarsvæðisins.

Atvinnuvottorð: Vinnuveitandi gerir þetta vottorð. ÍÆ er með staðlað form um hvað á að standa í þessu vottorði.

Tekju- og eignavottorð: ÍÆ er með staðlað form sem að þið fyllið út og undirritið. Samkvæmt reglum CCCWA þurfa umsækjendur að eiga \$80.000.

Læknisvottorð: Frá heimilislækni eða öðrum lækni sem hefur annast umsækjendur. ÍÆ er með staðlað form sem læknir getur fyllt út.

Umsögn félagsráðgjafa: Sama umsögn og var gerð fyrir útgáfu forsamþykkis.

Forsamþykki: Kemur frá sýslumanninum í Reykjavík og er frumritið sent beint á skrifstofu ÍÆ.

Ljósmyndir: Myndirnar þurfa að vera af umsækjendum sjálfum og nánustu fjölskyldu. Hámark mega vera 3-4 á hverri mynd og þurfa andlitin að sjást vel. Senda þarf eina mynd af tilvonandi kjörföður og eina mynd af tilvonandi kjörmóður. Skrifa þarf við hverja mynd útskýringar þ.e. nöfn fólksins á myndinni og hvernig þau tengjast fjölskyldunni. Einnig þurfið þið að taka myndir af heimili ykkar, umhverfi og frístundaiðkun. Viðmið er 6 blaðsiður (A4) af myndum. Einnig þurfa að fylgja passamyndir (eða góð andlitsmynd) og mynd af fjölskyldunni á rafrænu formi.

Meðmælabréf: Bréfin þurfa að vera þrjú og mega vera frá vinum eða kunningjum sem þekkja ykkur vel.

Staðfesting á að umsækjendur hafi sótt undirbúningsnámskeið fyrir ættleiðingu: ÍÆ gefur þessa staðfestingu út eftir að umsækjendur hafa lokið námskeiðinu, „Er ættleiðing fyrir mig“.

Staðfest ljósrit af vegabréfi: Fara þarf til sýslumanns og láta hann ljósrita vegabréf umsækjanda. Sýslumaður stimplar síðan ljósritin til staðfestingar

Stimpill frá kínverska sendiráðinu: ÍÆ sér um að fá þennan stimpil á umsóknina eftir að hún hefur fengið stimplun og frágang með viðeigandi hætti hjá Utanríkisráðuneytinu.

Þegar umsækjendur hafa safnað öllum skjölum fer skrifstofa ÍÆ yfir þau, þá láta umsækjendur stimpla umsóknina hjá sýslumannsembættinu (Notarius Publicus). Það þarf að fá notarius stimpil á öll gögn fyrir utan myndir. Athugið að bæði hjón þurfa að fara og fá notarius stimpil hjá sýslumanni svo hægt sé að staðfesta báðar undirskriftir. Umsókninni er svo skilað til ÍÆ sem sér um að láta staðfesta hana hjá Utanríkisráðuneytinu (apostille). Þá er fenginn staðfestingarstimpill hjá sendiráði Kína á umsóknina .

Áriðandi er að nöfn umsækjenda séu skrifuð á sama hátt í vegabréfunum og á öllum skjölum. Gætið þess sérstaklega á læknisvottorðum og atvinnuvottorðum.

Öll gögn, líka frá vinnuveitendum og lækni, þurfa að vera skrifuð á bréfsefni, undirrituð og stimpluð ef hægt er og mega ekki vera eldri en þriggja mánaða. Barnaverndarskýrsla má ekki vera eldri en árgömul.

Erlend stjórnvöld geta óskað eftir ítarlegri upplýsingum eða nýjum vottorðum. Ef svo er þá setur ÍÆ sig í samband við umsækjendur og lætur vita.

Það er nauðsynlegt að nota löggilta skjalapýðendur til að þýða öll gögn sem ekki er hægt að fá á ensku. Þýðendur sem oft hafa þýtt skjöl fyrir ÍÆ eru: Jeffrey Cosser, sími: 557 4076, netfang: jmc@itn.is og Anna Yates, sími: 568 1748, netfang: annie@heimsnet.is. Biðjið þýðandann að stimpla hverja síðu.

